

19. fundargerð stýrihóps um byggingu nýs íþróttahúss -

Fundinn sátu: Eyrún Fríða Árnadóttir, Björgvin Óskar Sigurjónsson, Björgvin Erlendsson, Sigurjón Andrésson og Fjóla Hrafnkelsdóttir (fimleikar), Íris Heiður Jóhannsdóttir (yngri flokkar körfubolta), Sigurður Óskar Jónsson (USÚ), Skúli Ingibergur Þórarinsson (körfubolti), Róbert Marwin Gunnarsson (rafíþróttir), Halldór Steinar Kristjánsson (yngri fl. Knattspyrna), Jóhanna Íris Ingólfssdóttir (USÚ), Margrét Kristinsdóttir (Sindri), Matthildur Ásmundardóttir (fótbolti), Þórey Edda Elísdóttir, Elsa G. Hauksdóttir (blak), Hanna María Friðriksdóttir (Aðalstjórn Sindra)

Fundargerð ritaði Eyrún Fríða

Fundur var boðaður kl 16:00.

Fyrir fundinn höfðu flestar deildir sent inn skriflegar athugasemdir og ábendingar varðandi þær teikningar sem höfðu verið birtar og sendar hagsmunaaðilum.

Í upphafi fundar var farið yfir að markmið hópsins væri fyrst og fremst að ákvarða staðsetningu og heyra beint frá deildunum hvort að önnur hvor staðsetningin hentaði þeirra starfsemi betur eða verr.

Farinn var hringur þar sem fulltrúi hvernar deildar gat gert grein fyrir sjónarmiðum sínum og var þá hægt að taka umræðuna, sem og að Þórey Edda gat beint til þeirra spurningum.

Fjóla byrjaði á að ræða stöðu fimleikanna. Rætt var um fermetrapörf fimleikanna og hvernig aðstöðumunur væri á milli þess að vera í teikningu B, eins og hún er teiknuð, og í teikningu A og C, þar sem fimleikarnir eru staðsettir í núverandi íþróttahúsi

Eftir samtalið var niðurstaðan sú að til þess að fimleikarnir kæmst fyrir með góðum hætti í teikningu B þyrfti að fjölga talsvert fermetrum og gera ráðstafanir svo að hlaupabrautin gæti verið í friði frá öðrum iðkendum. Með frekari úrvinnslu og breytingum á viðbyggingu við núverandi hús gætu fimleikarnir virkað vel í því húsi og væri það ósk deildarinnar. Eins er þörf á að teikna upp búnað í samráði við deildina.

Næst fóru Íris Heiður og Skúli Ingibergur yfir afstöðu körfuboltadeildarinnar. Deildin er fylgjandi teikningu B og leggur mesta áherslu á að hægt sé að bjóða börnum upp á að halda heimaleiki í nýju íþróttahúsi. Til þess þarf að koma fyrir þremur völlum sem eingöngu er hægt núna með því að færa til fimleikaáhöldin, hvort sem þau eru staðsett í núverandi húsi eða í teikningu B.

Svo virðist sem svo að til þess að koma fyrir þremur völlum fyrir yngri flokka körfuboltans og sómasamlegri fimleikaaðstöðu þurfi að gera frekari breytingar og jafnvel auka við fermetratölu í öllum teikningum.

Næst ræddu Matthildur og Halldór Steinar um stöðu fótboltans. Áhyggjur deildarinnar snúa fyrst og fremst að því að tryggja þurfi nægt æfingarsvæði þar sem gert er ráð fyrir í tveimur teikningum af þremur að byggja yfir núverandi æfingavelli. Eins þarf að gera ráð fyrir skólalóð, stúku og geymslu á æfingavöllum ef farið yrði í byggingu skv teikningu C.

Rætt var mikið um framtíð og þróun Jökulfellsvallar og notkun hans. Upp kom sú spurning hvort að halda megi unglingalandsmót ef völlurinn er orðinn gervigrasvöllur en afla þyrfti frekari upplýsinga um þær kröfur sem gerðar eru til landsmóta.

Elsa ræddi um afstöðu blakdeildarinnar. Fyrst og fremst óskar deildin eftir því að gert sé ráð fyrir þremur völlum. Rætt var um hversu mikla lofthæð þarf í blaki og hvort að núverandi íþróttahús uppfylli þær kröfur.

Rafíþróttadeildin hefur ekki skoðun á því hvor staðsetningin henti betur. Hinsvegar óskar deildin eftir því að hafa nægt rými fyrir sína starfsemi, u.þ.b. 80 fm, þar sem erfitt er að færa til búnaðinn eftir hverja æfingu. Framtíðarsýn deildarinnar væri að stækka og dafna og jafnvel halda frekari viðburði í tölvuverinu og því myndi sérrými henta betur.

Sigurður Óskar og Jóhanna Íris fóru yfir afstöðu USÚ. USÚ er fylgjandi teikningu C og megin afstaða félagsins er sú að nýtt íþróttahús skuli nýtast öllum og hafa alla lágmarksaðstöðu til staðar fyrir allar greinar. Upp kemur aftur umræða um hvort að uppbyggingin geti með einhverjum hætti hamlað þeim möguleika að sveitarfélagið haldi aftur landsmót UMFÍ. Taka þarf þær kröfur til greina í ferlinu.

Þegar allir höfðu lokið því að lýsa sínum sjónarmiðum mynduðust almennar umræður um ýmsa þætti.

Rætt var um tilfærslur vegna mismunandi teikninga, t.d. færslu á Jökulfellsvellinum, körfuboltavellinum, sparkvellinum og buslulaugarinnar.

Velt var upp þeirri spurningu hvort að innisundlaugin sem teiknuð er í teikningu C gæti verið framkvæmd síðar, þar sem þrengt hefur verið að framkvæmdasvæðinu þegar búið er að reisa anddyrið.

Rætt var um aðkomu að geymslum, bæði fyrir áhöld og búnað, geymslur fyrir útisvæði og fyrir annað búnað líkt og borð fyrir þorrablót og aðra viðburði. Óskað er eftir því að auðveldlega sé hægt að komast að þeim geymslum á bíl.

Upp kom sú hugmynd að snúa teikningu C við svo að salurinn sjálfur sé nær sundlauginni og klefar og geymsla nær vellinum. Slíkt myndi þjónusta útisvæðið enn betur en mögulegt er að skuggavarp á sundlaugargarðinn verði of mikið.

Rætt var einnig um klifurvegginn sem teiknaður er á útfærslu C og hvort að nýting hans yrði betri ef hann væri í anddyrinu eða annarsstaðar. Hugmynd að færa hann inn í fimleikasalinn en þá í fullu samráði við fimleikadeildina.

Að lokum var rædd hvernig kostnaðaráætlun liti út, staðsetningu bílastæða, skólalóðar og fleiri þátta.

Fundi var slitið 17:30.